



SÉRFRÆÐINGUR Á FJÁRHAGSDEILD BORGARNESI

Starf sérfræðings í greiningum og miðlun upplýsinga á svæðisskrifstofu Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið

- Söfnun, greining og miðlun upplýsinga
- Gerð og eftirfylgni með áætlunum og rekstraruppgjöri
- Greining á áhrifum breytinga á rekstrarumhverfi varðandi samninga og verkefnum
- Eftirfylgni og fjárhagsumsjón með verkefnum
- Skýr og greinargóð framsetning gagna og upplýsinga.
- Faglegur stuðningur við ýmis verkefni sem unnið er að hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni og áhugi á að greina upplýsingar og hagstærðir
- Góð færni í framsetningu fjármálaupplýsinga
- Marktæk reynsla af vinnu í fjárhagskerfum
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Frumkvæði, metnaður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs ruth.elfarsdottir@vegagerdin.is og í síma 522 1000

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.